



Framkvæmda- fréttir 2. tbl. /17



Ný Vestmannaeyjaferja - skrifað undir smíðasamning


Áður birt á vegagerdin.is 17.01.2017

Vegamálastjóri og fulltrúar pólsku skipasmíðastöðvarinnar Crist S.A. skrifuðu undir samning um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju 17. janúar. Nýja ferjan verður afhent sumarið 2018. Samið var við pólsku skipasmíðastöðina Crist S.A. í Gdynia að loknu útboði sem Ríkiskaup önnuðust. Að teknu tilliti til allra þátta reyndist tilboð þeirra hagstæðast eftir að

norsk skipasmíðastöð féll frá sínu tilboði. Nýja ferjan mun rista grynna en gamli Herjólfur og þannig geta siglt oftar í Landeyjahöfn.

Viðstaddir undirskriftina voru einnig fulltrúar Vestmannaeyjabæjar, Ríkiskaupa og innanríkisráðuneytisins. Auk Hreins Haraldssonar vegamálastjóra og þeirra Romuald Teperski og Radoslaw Pallach frá Crist S.A. skrifuðu þau Sigurður Áss Grétarsson framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni, Hildur Sólvog Sigurðardóttir forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, Halldór Sigurðsson forstjóri Ríkiskaupa og Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóri hjá innanríkisráðuneytinu undir samninginn fyrir hönd kaupenda.

Skipasmíðastöðin mun nú þegar hefjast handa við smíðina sem ljúka á sumarið 2018, eða 20. júní samkvæmt samningnum, þannig að líklega mun gamli Herjólfur sigla í síðasta sinn með gesti á þjóðhátíð í Eyjum núna í sumar. ▶



Ný Vestmannaeyjaferja. Stærð borin saman við Herjólf sem nú er í notkun.

Útboðsvefur.is - Opinber útboð





Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum Útboðsvefur.is og vegagerdin.is en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 2. tbl. 25. árg. nr. 670 20. febrúar 2017

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 13. febrúar 2017. Búið er að sprengja samtals 6.741 m sem er 93,5% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is

► Hjá Crist S.A. starfa um 1.500 manns og mun skipasmíðastöðin hafa smíðað fyrir íslensk fyrirtæki áður. Skipasmíðastöðin vinnur samkvæmt gæðakerfi.

Meginmarkmið með nýrri Vestmannaeyjaferju er að bæta samgöngur milli Vestmannaeyja og Landeyjarhafnar, einkum við erfið vetrarskilyrði. Þær áskoranir sem við er að eiga eru grunnsvævi, há tíðni af þungri úthafsöldu, hliðarstrumur og mikill vindur. Til að ráða við þessar aðstæður þarf ný ferja að vera eins grunnrist og mögulegt er, en jafnframt þarf að tryggja stjórnhæfni hennar við þessar aðstæður.

Þegar ráðist var í þetta verkefni var ákveðið að markmiðið með hönnuninni yrði að ferjan ráði við dýpi á stórstraumsfjöru, 4,5 m (meðaldýpi 6,0 m) í innsiglingunni og 5,0 m (meðaldýpi 6,5 m) á rífi þar fyrir utan, 3,5 m háar kenniöldur með sveiflutímann 5-12 sek., hliðarstrum allt að 3 m/s og 10 mínútna meðalvindhraða að 22 m/s.



Nýja ferjan á að ráða við að halda uppi samgöngum við aðstæður við Landeyjahöfn, þó þannig að þegar öldurnar eru mjög langar, og 3,5 m eða hærrí, getur skipið ekki siglt á háfjöru, þ.e.a.s. sæta þarf sjávarföllum

Aðrir eiginleikar nýjar Vestmannaeyjaferju:

Lengd x breidd x djúprista: 69,38 m x 15,1 m x 2,8 m.
 Flutningsgeta: 329 m akreinar (73 fólksbílar) og 390 farþega + 150 tímabundið. Siglingahraði: 15,5 hnútar. Afl: 3 x 1.230 kW dísil knúnir rafalar, 2 x 1.700 kW „azipull“ skráfur.
 Farþegarýmið er á einni hæð með kaffiteríu og hvíldarrými. Ef siglt er til Þorlákshafnar eru kojur á efsta þilfari sem farþegar geta notað.

Tvinntækni: Skráfurnar verða knúnar áfram af rafmóturum sem fá afl sitt frá rafölunum og rafgeymum eftir því sem hagkvæmast er hverju sinni. Fyrirkomulagið sparar um 30% miðað við orkunotkun Herjólfss og býður upp á frekari olíusparnað í framtíðinni með því að stækka rafhlöður og að nýta landrafmagn til hleðslu þeirra eftir því sem hagkvæmt kann að þykja.

Nýja Vestmannaeyjaferjan er hönnuð af norskrí skipaverkfræðistofu Polarkonsult, undir stjórn íslenska skipaverkfræðingsins Jóhannesar Jóhannessonar. Til að sannreyna getu og hagkvæmni ferjunnar til siglinga var við hönnun skrokksins stuðst við fullkomnustu tölvuforrit og vatnslíkanaprófanir hjá Force Technology í samvinnu við Polarkonsult. ■



Ný Vestmannaeyjaferja, tölvuteikning.



Skrifað undir smíðasamning í fundarsal Vegagerðarinnar Borgartúni 7 þann 17. janúar 2017. Frá vinstri: Sigurður Áss Grétarsson, Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Radoslaw Pallach, Romuald Teperski, Hreinn Haraldsson, Halldór Sigurðsson og Sigurbergur Björnsson.

Dýrafjarðargöng

1.1 kafli útboðsgagna, yfirlit almennt

Frankvæmdin sem hér um ræðir nær yfir gröft jarðganga, smíði vegskála við gangaenda, klæðingu ganga, jarðvatnslagnir og rafbúnað ásamt vegagerð í göngum, brúargerð og vegagerð að göngum.

Lengd ganga í bergi er áætluð 5.301 m, vegskálar 144 m og 156 m eða samtals 300 m. Heildarlengd ganga með vegskálum er áætluð 5.601 m. Hæð vegskálaenda er 35 m y.s.

og 67 m y.s. Gólf í göngum fer mest í 90 m y.s. í miðjum göngunum og er mesti lengdarhalli 1,5%. Þversnið er samkvæmt norskum reglum og nefnist T8, breidd þess er um 8,0 m í veghæð, þverskurðarflatarmál 53 m². Í göngum eru 10 útskot, þar af fjögur snúningsútskot. Inni í göngunum eru fjögur steipt tæknirými og tvö lítil fjarskiptahús utan ganga. Göngin eru malbikuð með steiptum upphækkuðum öxlum.



Nýr vegur verður byggður beggja vegna gangamunna. Nýir vegir eru u.þ.b. 3 km Arnarfjarðarmegin og 4,8 km Dýrafjarðarmegin, samtals um 7,8 km auk tenginga. Vegurinn verður 8 m breiður með 7 m akbraut.

Rafmagnsbúnaður og öryggisbúnaður er fjölþættur, mest af búnaðinum er í fjórum tæknirýmum meðal annars fjórar spennistöðvar. Símaskápar eru einu skáparnar sem festir eru á vegg ganga, allir aðrir rafbúnaðarskápar eru í tæknirýmum. Loftræsiblásarar 1 m í þvermál, eru 16 og eru tveir og tveir saman á fjórum svæðum við tæknirými inni í göngunum.

Í göngin skal leggja háspennukapla 3 einleiðara fyrir 132 kV spennu. Þetta er gert fyrir Landsnet, en Vegagerðin kemur sem verkaupi fram fyrir hönd Landsnets í verkinu.

Í tengslum við vegagerð að göngum þarf að byggja nýjar brýr á Mjólka 14 m og Hófsá 16 m, og er það hluti verksins. Einnig þarf að byggja bráðabirgðabrá á Hófsá.

Gangamunni við Mjólkárvirkiun í botni Arnarfjarðar er ein-

Helstu magntölur verksins eru:

Gröftur í göngum	312.000	m ³
Fylling	580.000	m ³
Burðarlag	90.000	m ³
Rofvörn	13.000	m ³
Boltar	28.000	stk.
Sprautusteypa	14.000	m ³
Einangrunarklæðing	50.000	m ²
Steypa	3.200	m ³
Jarðvatns- og ofanvatnslagnir	18.400	m
Ídráttarrör	45.000	m
Rafstrengir	74.000	m
Ljósleiðandi strengir	12.400	m
Upplýst umferðarmerki	83	stk.

Niðurstöður útboða

Dýrafjarðargöng 16-040
Tilboð opnuð 24. janúar 2017. Jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, ásamt byggingu tilheyrandi forskála, brúa og vega. Um er að ræða 8,0 m breið, 5,3 km löng jarðgöng í bergi, styrkingu ganga, lagnir og vegyfirborð, raf- og stjórnbúnað þeirra, um 300 m langa steinsteypta vegskála og um 9,0 km langa vegi utan ganga. Í göngin skal leggja háspennulagnir 33 KV og 66 KV fyrir Orkuub Vestfjarða og Landsnet.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 LNS Saga ehf. og Leonhard Nilsen & Sønner AS, Noregi	10.864.569.942	116,572	177.362
4 IAV hf., Íslandi og Marti Contractors Lth., Sviss	10.538.586.652	113,081	851.379
3 ÍSTAK hf., Íslandi og Aarsleff, Danmörku	9.322.252.133	100,03	635.044
--- Áætlaður verktakakostnaður	9.319.890.000	100,00	632.682
2 C.M.C di Ravenna, Ítalíu	9.316.632.535	99,97	629.424
1 Metrostav a.s., Tékklandi og Suðurverk hf., Íslandi	8.687.208.080	93,21	0



Opnun tilboða í gerð Dýrafjarðarganga í fundarsal Vegagerðarinnar Borgartúni 7 þann 24. janúar 2017.


Reykjanesbraut (41) sunnan Hafnarfjarðar, vegamót við Krýsuvíkurveg

Vegagerðin auglýsti þann 2. febrúar útbod á gerð mislægra vegamóta á mótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar auk allrar vega- og stígagerðar sem nauðsynleg er til að ljúka vegaframkvæmdum endanlega. Til framkvæmdanna teljast einnig breytingar á Krýsuvíkurvegi, gerð tengivegar að Suðurbraut og tengivegar að Selhelli. Einnig er innifalin gerð göngu- og hjólastígs meðfram Suðurbrautartengingu og hraðatakmarkandi aðgerðir á Suðurbraut. Þá er gerð hljóðmana við Reykjanesbraut og í Hellnahverfi í Hafnarfirði hluti verksins. Einnig eru innifaldar breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja sem og nýlagnir og landmótun auk annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu.

Helstu magnþölur eru:

Rif malbiks og gangstétta	14.000 m ²
Bergskeringar	53.000 m ³
Fyllingar í vegagerð	9.000 m ³
Jarðvegsfyllingar í hljóðvarnir	60.000 m ³
Fláafleygar	2.000 m ³
Lagnaskurðir	3.600 m
Ofanvatnsræsi	1.000 m
Brunnar	13 stk.
Styrktarlag	8.000 m ³
Burðarlag	4.000 m ³
Malbik	52.000 m ²
Gangstígar	2.000 m ²
Kantsteinar	2.200 m
Vegrið	180 m
Götulýsing, skurðgröftur og strengur	3.800 m
Ljósastaurar	80 stk.
Mótaflétir	2.000 m ²
Járnlofn, slakbending	91.000 kg
Steypa	760 m ³

Skila skal tilboðum þriðjudaginn 21. febrúar 2017.
Verkinu skal vera að fullu lokið 1. nóvember 2017.





Vegorðanefnd, standandi frá vinstri : Gunnar Bjarnason, Sigurður Björn Reynisson og Kristján Kristjánsson. Sitjandi: Eymundur Runólfsson og Ásbjörn Jóhannesson.

Málfarshorn vegorðanefndar nr. 1

Vefslóð vegorðasafns er <https://vegordasafn.vegagerdin.is> Það hefur orðið samkomulag um það að birta reglulega stutta pistla um málfar í vegagerð hér í þessu blaði. Þetta er efni sem vegorðanefnd hefur fjallað um og vill leggja áherslu á að komist á framfæri. Allir þeir sem fjalla um vegagerð í ræðu og riti eru hvattir til að kynna sér safn orðanefndarinnar á vefnum.

Við notum *bik* en ekki *tjör* í bikbundin slitlög vega. *Tjara* er ekki sama efni og *bik*, enda af ólíkum uppruna. *Tjara* var áður notuð til vegagerðar sem bindiefni í stað *biks*. Hér fylgja skilgreiningar þessara hugtaka úr Vegorðasafni.

Tjara: kolvetnað bindiefni sem verður til við þurreimingu á kolum, viði eða svipuðum efnum

Bik: órokjarnt, límkennt og vatnsfælið efni, unnið úr jarðolíu en finnst einnig í jarðbiki

Ensk heiti á *biki* eru *asphalt* og *bitumen*. Algenzt hefur verið hér á landi að nefna *bik asphalt* og mynda þannig íslenskt orð úr ensku hugtaki.

Forn íslensk notkun á orðinu bitumen

Í tilefni af þessu fyrsta málfarshorni er gaman að rifja upp forna notkun á orðinu *bitumen*.

Í sögu Magnúsar konungs og Haralds konungs í Flateyjarbók (rituð 1387-1394) er þáttur um hernað Norðbrigts og Gyrgis jarls. Norðbrigti var dulnefni sem Haraldur nokkur Sigurðarson, kominn af Haraldí hárfagra að langfeðgatali, notaði. Hann fór m.a. til Miklagarðs og gerðist handgenginn (Mikla) Garðskonungi. Gyrgir félagi hans var frændi Zóe drottningar í Miklagarði. Í einni ránsferð sinni komu þeir til Sikileyjar og lögðu undir sig borg eina þar. Síðan „leggja þeir til annarrar borgar“ eins og segir í sögunni, og það er í frásögninni af hernaði þeirra þar (Flateyjarbók 4. bindi út. 1945 bls. 68-70) sem orðið *bitumen* kemur fyrir. Þetta er skemmtilegur þáttur um snjalla notkun á þessu efni og því gaman að birta hann hér í heild, stafrétta eftir prentuðu útgáfunni frá 1945.

Um hernað Norðbrigts og Gyrgis jarls

Nú leggja þeir til annarrar borgar, er bæði var meiri og tor-sóttari. Gyrgir mælti: „Þetta ráð munu þér um megn yðr taka,

og treystir þú nú of framarliga af sigri þeim, er þú hefir nú unnið, og förum nú heldr víðara til og látum eigi það hlægi henda oss að brjótast við það, er ekki verðr að gjör, og er illt að setjast aftar niðr en hann rís upp.“ Nú þykist Norðbrigti sjá, að Gyrgir vill í burt, og mælti: „Það er satt, að sjá borg má ekki vinnast að þessu sömu bragði sem hinn fyrri, en þó er eigi þrotin von, ef í tómi léki við. En gjöra skal þér kost á burt að fara, hvert er þú vilt, ef þú vilt nú. Þó að eigi megi greiða konungi fé svo mikið sem skilið var, þá er þó nokkuð. En eigi munu þeir þó í brutt fara, því að liðsmenn vorir þurfa fjárins, því að eg mun hér eigi frá hverfa svo búið.“ „Því ætla eg,“ segir Gyrgir, „að þú munir nú hér nú ekki ráð til kunna,“ „Það er nú sem gefast vill,“ segir Norðbrigti. Þar er Gyrgir nú og nennir eigi frá að hverfa við lítið fé eðr ekki. Þar voru vellir fagrir og sléttir nær borginni, og þar á völlum stóðu tré fõgr og limuð vel, þau er blómguð voru og sem þar væri skógr lítill, og flugu fuglar þangað jafnan úr borg um daga, þeir er hreiðr áttu. Smáfuglar fóru þar að matföngum á daginn utan borg, en flugu aftr á kvöldið að sofa, er þeir áttu hér og hvar hreiðr í húsbekjum í borginni. Borgarmenn þóttust öruggir, er þeir höfðu steinvegg sterkan um borg sína, og mæltu til þeirra Norðbrigts, að þeir skyldi drengiliga að sækja, og kváðu þar mikils vera að vitja í mörgum gersimum og dýrgripum. En þeir kváðust þó vænta, að þeim mundi þó seint sækjast að grafa niðr undir borgina eðr vinna hana því móti sem hina fyrri. Allt mæltu borgarmenn dremliliga til þeirra og heldr með háð og spott.

Norðbrigti mælti nú við sína menn: „Nú skulu vér taka nokk- ura menn af hverri sveit og þó svo, að borgarmenn sakni eigi liðsins, og skal þó sækja að borginni gletting þann sem hina fyrri daga. En þess vænti eg, að þeim þyki lítill um vert yðra aðsókn. Þér skuluð og svo eina að sækja, að yðr sé sem minnstr háski í. „Hér er lækr einn skammt frá borginni, en þann sama leir sem þar er hjá læknum, er heitir **bitumen**, þann leir skulum vér taka og elta um nætr, svo að borgarmenn verði eigi varir við. Það mun þá verða jafnt sem lím, ef það er til gjört, og með þessu sama líma menn jafnan borgir. Síðan skulum vér ríða þessu lími á tré þessi, er hér standa utan borgar, en það kann verða svo hart sem grjót, er það þornar. Síðan skulu vér ríða blautu líminu á trén, og með þessum ráðum skulum vér vinna þessa miklu borg. Síðan skulu til koma þeir menn vorir, er bezt kunnu við smáfugla, að þá kann vera, að fuglum verði óhægt að hefja fætina af limunum, er líminu er ádr á riðið. Og ef vér fáum vald þessa litlu fugla úr borginni, þá kann vera, að ráð hittist til, að vér fáim þeim hinum stærrum fuglum náð og meiri fyrir sér.“

Nú fara þeir svo með öllu sem hann segir þeim fyrir. Og dugir þetta ráð, að fuglarnir verða fastir við trén, er þeir vildu fá sér matar, og fá þeir nú tekið höndum marga smáfugla með þessum brögðum. Þá svaraði Norðbrigti: „Nú er vel,“ segir hann, „og mikið að unnið. Þessir fuglar skulu vinna oss mikið sigrverk. Nú skal taka tré það, er þurrast er og eldnæmast, og látið í eld lítinn og bera í brennustein og steypa þar vaxi að utan og binda þess konar byrðar á bak fuglum svo að þeim verði eigi um afl að fljúga með. Og er náttu tekr, þá skulum vér leysa alla þá senn með bagga sína og þessum búningi, að hver hafi byrði á baki, og get eg, að þeir fljúgi brátt til setra sinna og hreiðra í borginni, eftir því sem þeir eru vanir.“ Þann veg er með farið, og fljúga fuglarnir þegar í borgina, er þeir verða lausir, til hreiðra sinna og unga. En húsin voru reyðpakinn öll, þau er fuglarnir byggðu í, og er eigi nú langt að bíða, ádr eldir lýstr í fiðri fuglanna og því næst í þekjuna, og síðan brennr hvað af örðu, og gjörist eldsgangur í borginni. En í

öðru lagi herklæðis allr herinn og sækir allfast nú að borginni. En borgarmenn þóttust eigi vita, því sætti eldsgangrinn, og áttu nú að verjast hvorutveggju, eldinum og atsókn þeirra harðri, því að Norðbrigti bað nú öngvan við hlífast, hvern eftir sínum mætti, og fengu borgarmenn eigi varizt hvorutveggju senn. Brutu víkingar nú stór hlið á borginni, svo að vögnum mátti aka inn í borgina. Og því næst eru þeir Norðbrigti í borginni með allan herinn, og slær þá í orrostu og mannfall,

og eigi stóð þessu lengi, ádr en borgarmenn klökkna við allir saman og gáfu sig upp. Og gekk nú það sama fólk með linleik og lítillæti, áhyggju og harmi að biðja sér miskunnar, að ádr höfðu dremlilega mælt til Norðbrigts og hans manna. Svo voru borgarmenn felmsfullir, að þeir örvæntu, að eldrinn yrði slökkt, þar er vatn var fjarri og langt að sækja. Og nú er þeir gáfu sig upp og tóku grið, þeir er eigi urðu drepnir, þá fékk Norðbrigti ráð til þess að slökka eldinn. ■

Efnisrannsóknir og efniskröfur - leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd

Ný útgáfa komin út og námskeið í apríl

Endurskoðuð útgáfa af ritinu „Efnisrannsóknir og efniskröfur - leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd“ er komin á vefslóðina:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsoknir/>

Leiðbeiningaritið er endurskoðað árlega og gerðar breytingar í samræmi við nýjustu niðurstöður rannsókna sem að hluta til eru kostaðar af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Sérstaklega má nefna að nú hafa verið sett inn ný ákvæði um slípiþol (PSV) og endurskin steinefna í malbik. Einnig hafa verið sett inn ný íslensk heiti á Evrópustöðlum fyrir framleiðslu malbiks sem Staðlaráð Íslands hefur tekið upp að tillögu Vegorðanefndar (vefslóð orðasafnsins er:

<https://vegordasafn.vegagerdin.is/>).

Staðlarnir eru nú talsins en sérstök athygli er vakin á að algeng malbiksgerð hér á landi sem áður nefndist Slitlagsmalbik (SL) (e: Asphalt Concrete (AC)) nefnist nú Stífmalbik (AC). Nú er unnið að kafla 7 um steinsteypu og verður hann gefinn út á árinu 2017.

Þann 28. apríl 2017 kl. 9:30-17:00 mun verða haldið námskeið um efnisgæðaritið. Dagskráin verður auglýst síðar. Námskeiðið er ætlað þeim sem koma að hönnun, framleiðslu,

framkvæmd og eftirliti í vegagerð. Markhópurinn eru starfsmenn Vega- gerðarinnar, verkfræðistofa, sveitar- félaga, verktaka og framleiðenda sem vinna með bundin og óbundin vega- gerðarefni.

Námskeiðið verður haldið í Mótorskálanum, fundarsal Vegagerðarinnar í Borgartúni 7. Fyrirlasarar verða Gunnar Bjarnason forstöðumaður jarðefna- deildar Vegagerðarinnar og Pétur Pétursson hjá PP ráðgjöf. Þátttöku skal tilkynna fyrir 21. apríl með tölvupósti til: gunnar.bjarnason@vegagerdin.is


þar sem fram kemur nafn, tölvupóst- fang og vinnuveitandi. Námskeiðs- gjald er 30.000 kr. Innifaldar eru kaffiveitingar, en ekki hádegisverður. Kennslugögn verða birt á heimasíðu Vegagerðarinnar eftir að námskeiðið hefur verið haldið. Sérstök vottun verður afhent þeim sem sækja námskeiðið. ■



Gunnar Bjarnason



Pétur Pétursson



Efnisvinnsla við Reykjanesbraut ofan við Hafnarfjörð 1957. Myndasafn Jóns J. Víðis.

Útboðsverk 2016

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2016, raðað eftir verktökum í stafrófsröð. Samningsupphæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Samningsupphæð, kr.
Allt í járnum ehf. , kt. 561098-3369, Hrafnadalsvegi, 460 Tálknafirði 16-070 Patreksfjörður, styrking grjótvarnar við Oddann 2016	...18.406.102
Alvarr ehf. , kt. 550885-0429, Skipholti 68, 105 Reykjavík 16-036 Fjarðarheiðargöng, rannsóknarboranir 201672.623.300
Arnardalur sf. , kt. 540678-0309, Þinghólsbraut 58, 200 Kópavogi 16-012 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði, Vestursvæði og Norðursvæði 2016133.550.380
BB byggingar ehf. , kt. 550501-2280, Jarlstúni 13, 600 Akureyri 16-003 Akureyri - Oddeyrarbrýggja, þekja18.829.500
Björgun ehf. , kt. 460169-7399, Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík 16-049 Þorlákshöfn - dýpkun, rif á bryggju og færsla grjótvarna 16-050 Brjánslækur - dýpkun 2016248.869.83415.959.000
Blettur ehf. , kt. 630304-3180, Völuteigi 6, 270 Mosfellsbæ 16-008 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæð 2016, blettanir með klæðingu98.832.450
Borgarverk ehf. , kt. 540674-0279, Sölbakka 17-19, 310 Borgarnesi 16-006 Yfirlagnir og blettanir á Suðursvæði 2016, klæðing 16-005 Yfirlagnir á Norðursvæði 2016, klæðing 16-007 Yfirlagnir á Vestursvæði 2016, klæðing 16-004 Yfirlagnir á Austursvæði 2016, klæðing og blettanir 16-013 Laxárdalsvegur (59), Þrándargil - Gröf 16-014 Örylgshafnarvegur (612), Skápadalur - flugvöllur 16-037 Sementsfestun og þurrfræsing á Vestursvæði 16-078 Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2017-2018, blettanir með klæðingu	...165.287.00094.501.00076.322.00025.761.000108.000.000123.613.00064.940.00079.735.000
EKC Sweden AB , Svíþjóð 16-018 Yfirborðsmerkingar; vegmálun Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði 2016-2018 16-024 Yfirborðsmerkingar sprautuplast Suðursvæði 2016-2018 16-017 Yfirborðsmerkingar vegmálun Suðursvæði 2016-201857.292.37065.036.95724.964.110
Ellert Skúlason ehf. , kt. 610472-0289, Fitjahraun 2, 260 Njarðvík 15-090 Reykjanes, sjóvarnir 2015 16-062 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg36.821.55069.888.000
Framrás ehf. , kt. 591289-0559, Smiðjuvegi 17, 870 Vík 16-060 Landeyjahöfn, endurbygging á flóðvarnargarði6.190.000
G V grófur ehf. , kt. 500795-2479, Frostagötu 4a, 603 Akureyri 16-035 Hringvegur (1) í Reykjadal: Daðastaðir - Reykjadal­­sá146.649.037
Garðlist ehf. kt. 450598-2409, Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík 16-039 Gras- og kantsláttur Suðursvæðis 2016-201829.938.259
Guðmundur Arason ehf. , kt. 510193-2539, Skútuvogi 4, 104 Reykjavík 16-046 Fáskrúðsfjörður - stálrör 201617.451.005
Hagtak hf. , kt. 460391-2109, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði 16-061 Rifshöfn - endurbygging Norðurkants 2016137.250.000
Héraðsverk ehf. , kt. 680388-1489, Lyngás 5-7, 700 Egilsstöðum 16-064 Seyðisfjarðarvegur (93) öryggisaðgerðir og sjónvörn á Seyðisfirði 16-069 Borgarfjörður eystri, endurbygging brimvarnar við Hafnarhólma 16-051 Eskifjörður, styrking grjótvarna 201662.966.28610.982.26016.955.869
Hreinsitækni ehf. , kt. 621293-2069, Stórhöfða 37, 110 Reykjavík 16-089 Hreinsun þjódvega á Suðursvæði og Austursvæði 2017-201843.903.689
IJ Landstak ehf. , kt. 710713-0490, Funahöfða 6, 110 Reykjavík 16-056 Vetrarþjónusta 2016-2021, vegir á svæði Selfoss - Reykjavík151.000.000
Jan de Nul N.V , Belgíu 16-041 Landeyjahöfn - haust dýpkun 2016 til 2018 16-048 Siglufjörður - dýpkun við Bæjarbrýggju 2016222.090.20051.278.171
Króli ehf. , kt. 470396-3349, Strandvegi 2, 201 Garðabæ 16-002 Akureyri - flotbryggja í Hofsbót42.070.660
Kubbur ehf. , kt. 660606-1650, Sindragötu 27, 400 Ísafjörður 16-016 Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri 2016-201928.910.640

Verktaki Verk	Samningsupphæð, kr.
Lás ehf. , kt. 490893 -2379, Hafnarbraut 10, 465 Bíldudal 16-015 Vetrarþjónusta í Barðastrandarsýslum 2016-2019 15-054 Húsavík, Bökubakka, lenging stálþils27.846.800157.104.885
Malbikun K-M ehf. kt. 690598-2059, Þrumutúni 8, 600 Akureyri 16-011 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2016, malbik69.330.625
Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. , kt. 420187-1499, Gullhelli 1, 221 Hafnarfirði 16-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2016, malbik 16-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2016, malbik354.802.405422.837.490
Mannvit hf. ,verkfræðistofa., kt. 430572-0169, Urðarhvarfi 6, 203 Kópavogi 16-052 Hringvegur (1), Hveragerði - Biskupstungnabraut, hönnun81.879.553
Norðurtak ehf. , kt. 530598-3229, Daltúni 14, 550 Sauðárkróki 16-032 Hegranesvegur (764): Ás - Sauðárkróksbraut 16-047 Tindastólsvegur (746) Þverarfjallsvegur - skíðasvæði109.988.50038.656.600
Rafmenn ehf. , 411297-2419 Frostagötu 6c, 603 Akureyri 15-085 Norðfjarðargöng: Stjórnkerfi77.096.836
Rekverk ehf. , kt. 670404-2340, Arnarsíðu 8a, 603 Akureyri 16-055 Vegrið á Austursvæði 16-076 Vegrið á Norðursvæði 201625.468.57728.974.760
Stórhöfði Vestmannaeyjum ehf. , kt. 630204-4370, Stórhöfða, Vestmannaeyjum 15-068 Leiga á íbúðarhúsi á Stórhöfða, Vestmannaeyjum180.000
Skútaberg ehf. , kt. 510108-0350, Sjafnamesi 2-4, 603 Akureyri 16-001 Akureyri - Hofsbót, breytingar á smábátahöfn25.588.550
Steypustöð Skagafjarðar ehf. , kt. 671272-2349, Skarðseyri 2, 550 Sauðárkróki 16-042 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Siglufjörður 2016 - 201822.791.850
Suðurtak ehf. , kt. 561109-0790, Brjánsstöðum 2, 801 Selfossi 16-026 Kaldadalsvegur (550), Uxahryggjarvegur - klæðingarendi140.895.720
Tengill ehf. , kt. 690987-1559, Hesteyri 2, 550 Sauðárkróki 16-059 Siglufjörður - raflagnir í Bæjarbrýggju 201612.863.909
Tígur ehf. , kt. 620402-3970, Holtagötu 25, 420 Súðsvík 16-074 Djúpvegur (61 - 38), Súðavíkurhlíð, hrunvarnir8.307.500
Urð og grjót ehf. , kt. 580199-2169, Lynghálsi 12, 110 Reykjavík 16-071 Skarðsstöð - Dýpkun og grjótvörn13.999.500
Vegamálun ehf. , kt. 630497-2649, Aflakór 23, 203 Kópavogi 16-025 Yfirborðsmerkingar vélmössun Suðursvæði 2016-201847.362.500
Verkis hf. kt., kt. 611276-0289, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík 16-058 Stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Umferðargreining 20168.443.160
Verkvik-sandtak ehf. , kt. 491190-1409, Rauðhelli 3, 221 Hafnarfirði 16-045 Undirgöng á Reykjanesbraut (41) - viðgerð steypu 16-043 Brú á Bakkaá (Dunká) (54-22) - viðgerð steypu5.555.0009.825.000
Vélaþjónustan Messuholt ehf. , kt.640309-0830, Hólmagrund 6, 550 Sauðárkróki 15-089 Sauðárkrókur, skjólgarður við smábátahöfn 16-082 Skagabyggð og Skagaströnd, sjóvarnir 201624.980.68024.107.000
Viðimelsbræður ehf. , kt. 521015-0630, Hólmagrund 6, 550 Sauðárkróki 16-031 Svinvetningabraut,(731): Kjalvegur - Hringvegur59.225.750
Ylur ehf. , kt. 430497-2199, Miðási 43-45, 700 Egilsstaðir 16-038 Borgarfjörðu eystri, sjónvörn 2016 16-029 Endurbætur á Upphéraðsvegi (931), Hof-Skeggjastaðir14.168.88242.980.003
Þ.S. verktakar ehf. , kt. 410200-3250, Miðási 8-10, 700 Egilsstöðum 16-034 Dettifossvegur (862): Dettifossvegur vestri - Hólmatungur287.612.110
Þjótandi ehf. , kt. 500901-2410, Ægissíðu 2, 851 Hellu 16-019 Landvegur (26), Þjófafossavegur - Landmannaleið 16-054 Árbæjarvegur (271-01); Kvistir - Árbakkí 16-057 Vetrarþjónusta 2016-2021, uppsveitir Árnessýslu	...134.187.25042.869.15049.144.737



Pá . . .



. . . og nú

Kattarhryggur í Norðurárdal í Borgarfirði. Nú liggur Hringvegur (1) hinumegin við ána og þar er áningarstaður. Þar stendur á upplýsingaskilti: „Örmjó klettabrik þvert á Kattarhryggsgil milli Sveinatungu og Fornahvammis í Norðurárdal. Mikill bratti og hliðarhalli var þaðan niður að Norðurá. Þar var fyrst lagður vegur og brú fyrir hestvagna en bíl var fyrst ekið yfir hann 10. júlí 1927. Það var Ford vörubíll. Um 1930 var gerður þarna bílvegur þegar þjóðleiðin til Akureyrar varð bilfær. Þá var steipt á gilið dæmigerð brú þess tíma. Vegurinn um Kattarhrygg þótti hættulegur einkum í hállu á vetrum og þurfti stundum að ganga með bílnum og styðja

hann. Glöggmt má sjá gamla bílveginn vestan árinna beggja vegna að Kattarhrygg. Fyrstu bílvegir voru víðast gömlu vagnaveginir en þeir fylgdu oftast gömlum götuslóðum hestanna.“ Gamla myndin er úr safni Geirs G. Zoëga en nýja myndin var tekin síðla dags 28. september 2016. Til að komast á þennan stað er best að leggja upp sunnan brúar á Norðurá sem er u.þ.b. einum kílómetra neðar í dalnum. Nú er gamli vegurinn að mestu horfinn en þó má greina hvar hann hefur legið og hægt að ganga þá leið. Þegar ljósmyndarinn átti leið þarna um máti sjá að hestamenn höfðu verið þarna á ferð stuttu áður, líklega í smalamennsku.



Dýrafjörður þar sem nyrðri gangamunni Dýrafjarðarganga mun verða.
Ljósmynd: Ágúst Guðmundsson. Sjá nánar á bls. 6-9.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
17-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2017, malbik	2017
17-007 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði, Vestursvæði og Norðursvæði 2017	2017
17-005 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, malbik	2017
17-006 Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, malbik	2017
17-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, klæðing	2017
17-004 Yfirlagnir á Vestursvæði 2017, klæðing	2017
17-002 Yfirlagnir á Norðursvæði 2017, klæðing	2017
17-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2017, klæðing	2017
16-027 Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn	2017
16-079 Kísilvegur (87), Kollóttalda - Geitafellsá	2017
16-088 Langavatnsvegur (553), Hringvegur - Þjónustuhús lóju	2017
16-092 Hringvegur um Morsá	2017
16-087 Uxahryggjavegur (52), Borgarfjarðarbraut - Gröf	2017
16-080 Arnarnesvegur (411), göngubrú	2017
16-023 Langholtsvegur (341)	2017
16-022 Endurbætur á Þingvallavegi (36)	2017

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
17-014 Landeyjahöfn, stálþil utan á ferjubryggju og skjólveggur	16.01.17	31.01.17
17-013 Sigluþjörður - Bæjarbryggja, þekja	16.01.17	31.01.17
17-009 Viðhald malarvega Suðursvæði 2017 - 2018, vegheflun	16.01.17	31.01.17
17-012 Dýrafjarðargöng, eftirlit	06.02.17	28.03.17
17-010 Ísafjörður, Mávagarður - viðlegustöpull	16.01.17	31.01.17
16-081 Reykjanesbraut (41), sunnan Hafnarfjarðar, vegamót við Krýsuvíkurveg	06.02.17	21.02.17

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
16-095 Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Þverá við Odda	09.05.16	28.06.16
16-040 Dýrafjarðargöng	09.05.16	24.01.17

Útboð á samningaborði, framh. Auglýst: Opnað:

16-090 Grindavík, endurbýgging Miðgarðs	14.11.16	29.11.16
16-077 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2017-2018, blettanir með klæðingu	31.10.16	22.11.16
16-075 Vík í Mýrdal, sandfangari 2016	10.10.16	01.11.16
16-068 Norðfjörður Netagerðarbryggja, stálþil	22.08.16	13.09.16

Samningum lokið Opnað: Samið:

16-094 Breiðdalsvík, endurbýgging brimvarnar 2016 Þ.S. verktakar ehf. kt. 410200-3250	28.06.16	18.01.17
16-093 Vatnsleysuströnd, sjóvarnir 2016 Óskaverk ehf. kt. 500506-2530	01.11.16	04.01.17
16-084 Endurbætur á Biskupstungna-braut, (35), Geysir - Tungufljót Suðurtak ehf. kt. 561109-0790	22.11.16	07.02.17
16-051 Eskifjörður, styrking grjótvarna Héraðsverk ehf. kt. 680388-1489	21.06.16	06.07.16

Verk felt af lista

15-056 Álftanes, sjóvörn 2015

Niðurstöður útboða

Ísafjörður, Mávagarður - viðlegustöpull 16-093				
Tilboð opnuð 31. janúar 2017. Hafnarstjórn hafna Ísafjarðarbæjar óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk. Helstu verkþættir eru: Jarðvinna, uppptekt, endurröðun og fylling um 1.000 m³ Reka niður 18 stk. tvöfaldar stálþilspötur og ganga frá stögum. Smíði og uppsetning stálvirkis um 2.950 kg Steypa í viðlegustöpul og landfestar um 165 m³ Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 2017.				
nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2	Geirnaglinn, Reykjavík	69.952.915	149,7	23.704
---	Áætlaður verktakakostnaður	46.723.650	100,0	475
1	Ísar ehf., Ísafirði	46.248.516	99,0	0